

DV

Laugardagur 18. mars



SJÓNVARPIÐ

- 11.00 **Fræðsluvarp.** Endursýnt efni frá 13. og 15. mars sl. Bakþankar (14 mín), Algebra (14 mín), Mál- og meðferð þess (22 mín), Þýskukennsla (15 mín), Síða- skiptin (13 mín), Umræðan (35 mín) Þýskukennsla (15 mín).
- 14.00 **Íþróttapátturinn.** Kl. 14.55 verður bein útsending frá leik Manchester United og Nottingham Forest í ensku bikarkeppni- inni og lýsir Bjarni Felixson þeim leik. Einnig verður fylgst með öð- ur úrslitum frá Englandi og þau birt á skjánum jafnóðum og þau berast. Þá verður bein útsending frá Íslandsmótinu í sundi sem fram fer í Sundhöll Reykjavíkur. Umsjón Arnar Björnsson.
- 18.00 **Íkorninn Brúskur (12).** Teikni- myndaflokkur í 26 þáttum. Leik- raddir Aðalsteinn Bergdal. Þýð- andi Veturliði Guðnason.
- 18.25 **Smellir.** Umsjón Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Úlfar Snær Arnar- son.
- 18.50 **Táknmálfréttir.**
- 19.00 **Á framabraut.** (Fame). Banda- rískur myndaflokkur. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
- 19.54 **Ævintýri Tínnu.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Lottó.**
- 20.35 '89 á stöðinni. Spaugstofu- menn fást við fréttir líðandi stund- ar. Leikstjóri Karl Agúst Úlfsson.
- 20.50 **Fyrirmyndarfaðir.** (Cosby Show). Bandarískur gaman- myndaflokkur um fyrirmyndarfað- urinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans. Þýðandi Guðni Kolbeins- son.
- 21.15 **Maður vikunnar.**
- 21.30 **Ofurmærin.** (Supergirl). Bandarísk bíómynd frá 1984. Leikstjóri Jeannot Szwarc. Aðal- hlutverk Helen Slayter, Faye Dunaway, Peter O'Toole og Mia Farrow. Ævintýramynd sem byggir á samnefndum myndasög- um um Kóru sem kemur til jarðar til að bjarga jarðarbúum frá tor- tímingu. Þýðandi Kristrún Þórbár- dóttir.
- 23.20 **Peningar.** (L'Argent). Frönsk/svissnesk bíómynd frá 1983. Leikstjóri Robert Bresson. Aðalhlutverk Christian Patey, Sylvie Van den Elsen, Michel Brigueot og Caroline Lang. Mynd- in er byggð á smásögu Tolstojs og segir frá manni sem þiggur peninga sem reynast falsaðir. Hann lendir í höndum lögreglu- unnar og eftir það fer að halla undan fæti hjá honum. Þýðandi Pálmi Jóhannesson.
- 00.45 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



- 8.00 **Kum, Kum.** Teiknimynd.
- 8.20 **Heljar himingelsins.** Teikni- mynd.
- 8.45 **Jakari.** Teiknimynd með ís- lensku tali.
- 8.50 **Rasmus klumpur.** Teiknimynd með íslenku tali.
- 9.00 **Með Áfa.** Afi og Pási páfagauk- ur eru í góðu skapi í dag. Mynd- imar sem þið fáið að sjá verða: Skeljavík, Skófólkíð, Glóáfarnir, Sögustund með Janosi, Popparnir og margt fleira. Myndirnar eru allar með íslenku tali.
- 10.30 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
- 10.55 **Klementína.** Teiknimynd með íslenku tali um litlu stúlkuna Klementínu sem lendir í hinum ótrúlegustu ævintýrum.
- 11.25 **Fálkaeyjan.** Ævintýramynd í 13 hlutum fyrir börn og unglinga. 3. hluti.
- 11.55 **Pepsi popp.** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt frá því í gær.
- 12.45 **Fullkomin.** Perfect. Líflæg mynd um blaðamann sem fær það verk- efni að skrifa um heilsuræktar- stöðvar. Sjálfur er hann ekki mikið fyrir heilsurækt en það viðhorf hans breytist þegar hann verður ástfanginn af einum leikfímkenn- aranum. Aðalhlutverk: John Tra- volta og Jamie Lee Curtis.
- 14.40 **Ættarveldið.** Dynasty. Fram- haldsmyndaflokkur.
- 15.30 **Þræðir II.** Lace II. Bandarísk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Fyrri hluti. Unga klámmýnda- drottningin Lili, er tilbúin að leggja allt í sölu til þess að fá vitneskju um uppruna sinn. Aðal- hlutverk: Phoebe Cates, Brooke Adams, Deborah Raffin og Arielle Dombasle.
- 17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar og úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttaréttum.

- 20.30 **Laugardagur til lukku.** Fjórður getraunaleikur sem unninn er í samvinnu við björgunarsveitirnar. Í þættinum verður dregið í lukku- tríði björgunarsveitanna.
- 21.30 **Steini og Olli.** Aðalhlutverk: Stan Laurel og Oliver Hardy.
- 21.50 **Kisulóður. What's New Pussyc- at?** Tískublaðaútgefanda, Peter O'Toole, reynist erfitt að halda sér að vinkonu sinni, Romy Schneid- er, vegna þeirrar almennu kven- hylli sem hann nýtur. Vinur útgef- andans, Woody Allen, ráðleggur honum að leita aðstoðar hjá sál- fræðingi. Aðalhlutverk: Peter O'Toole, Peter Sellers, Woody All- en, Ursula Andress og Romy Schneider. Leikstjóri: Clive Donn- er.
- 23.40 **Magnum P.I.** Vinsæll spennu- myndaflokkur.
- 00.30 **Lifi Knievel.** Evel Knievel, sem leikur sjálfan sig í kvikmyndinni „Lifi Knievel“ og eiginkona hans eru komin til Kali- forníu. Þar hyggst hann reyna nýtt heimsmet í mótorkjólástökki. Í myndinni hittir Knievel gamlan vin sem hvetur hann til að taka þátt í sýningu í mótorkjólástökki sem á að fara fram í Mexíkó. Aðalhlutverk: Evel Knievel, Gene Kelly, Lauren Hutton og Leslie Nielsen. Ekki við hæfi barna.
- 2.15 **Merki Zorro. The Mark of Zorro.** Goðsögnin Zorro hefur verið mik- ið eftirlæti kvikmyndagerðar- manna í gegnum tíðina. Sagan hermír að Zorro hafi verið ungur aðalsmaður og vopnfímasi mað- urinn í hinum konunglega spænska her þegar hann ákveður að halda aftur á heimaslóðir. Aðal- hlutverk: Frank Langella, Rivaldo Montalban, Gilbert Roland og Yvonne de Carlo.
- 3.35 **Dagskrárlok.**



Rás 1 FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, dr. Bjarni Sigurðsson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 „Góðan dag, góðir hlustend- ur“. Pétur Pétursson sér um þátt- inn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá les- in dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
- 9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 9.05 **Litli barnatíminn:** „Litla lambið“ eftir Jón Kr. Ísfeld. Sigríður Eyþórsdóttir les, sögulok. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Hlustendapjónustan.** Sigrún Björnsdóttir leitir svara við fyrir- spurnum hlustenda um dagskrá Ríkisútvarpsins.
- 9.30 **Fréttir og þingmál.** Innlent fréttayfirlit vikunnar og þingmála- þáttur endurtekinn frá kvöldinu áður.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.25 **Sigildir morguntónar.** - Pianó- sónata í B-dúr eftir Franz Schu- bert. Clifford Curzon leikur. (Af hljómdiski.)
- 11.00 **Tilkynningar.**
- 11.03 **Í líðinni viku.** Atburðir vikunnar á innlendum og erlendum vett- vangum vegrn og metnrn. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.
- 12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.00 **Hér og nú.** Fréttapáttur í viku- lokin.
- 14.00 **Tilkynningar.**
- 14.02 **Sinna.** Þáttur um listir og menningarmál. Umsjón: Þorgeir Ólafsson og Friðrik Rafnsson.
- 15.00 **Tónspegill.** Þáttur um tónlist og tónmenntir á líðandi stund. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Íslenskt mál.** Guðrún Kvaran flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 15.45.)
- 16.30 **Ópera mánaðarins:** „Faust“ eftir Charles Gounod. Kiri Te Kanawa, Francisco Araiza, Evge- ny Nesterenko og Andreas Schmidt syngja með Sinfóníu- hljómsveit og kór Útvarpsins í Bæjaralandi. Sir Colin Davis

- stjórnar. Jóhannes Jónsson kynnr.
- 18.00 **Gagn og gaman.** Umsjón: Gunnvör Braga. Tónlist. Tilkyn- ningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Dagskrá kvölds- ins.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Smáskammtar.** Jón Hjartar- son, Emil Gunnar Guðmundsson og Örn Arnason fara með gaman- mál.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** „Litla lambið“ eftir Jón Kr. Ísfeld. Sigríður Ey- þórsdóttir les, sögulok. (Endur- tekinn frá morgni.)
- 20.15 **Visur og þjóðlög.**
- 20.45 **Gestastofan.** Gunnar Finnsson ræðir við Júlíus Þórðarson á Skorrastað í Norðfirði. (Frá Egil- stöðum)
- 21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Krist- inn Sigmundsson syngur lög eftir Christoph Willibald Gluck, Jo- hannes Brahms og Richard Strauss. Jónas Ingimundarson leikur með á pianó. (Hljóðritanir Útvarpsins og af hljómplötu.)
- 22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundags- ins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Dansað með harmonikuunn- endum.** Saumastofudansleikur í Útvarps húsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 **Nær dregur miðnætti.** Kvöld- skemmtun Útvarpsins á laugar- dagskvöldi. Stjórnandi: Hanna G. Sigurðardóttir.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Svolfitt af og um tónlist undir svefninn.** „Barn á okkar dögum“ (A Child of our Time), óratoria eftir Michael Tippett. Jón Örn Marinósson kynnr.
- 01.00 **Veðurfregnir.** Næturútlit og samtengdum rásum til morguns.



- 03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútliti. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30.
- 8.10 **Á nýjum degi.** Þorbjörg Þóris- dóttir gluggar í helgarblöðin og leikur bandaríska sveitatónlist.
- 10.05 **Nú er lag.** Gunnar Salvársson leikur tónlist og kynnr dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Dagbók Þorsteins Joð.** - Þor- steinn J. Vilhjálmsson.
- 15.00 **Laugardagspósturinn.** Skúli Helgason sér um þáttinn.
- 16.30 **Valur-Magdeburg.** Bein lýsing frá seinni leik líðanna í átta líða úrslitum.
- 18.00 **Fyrirmyndarlök.** Gestur Harald- ur Ingi Haraldsson tekur á móti gestum og bregður lögum á fón- inn.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Kvöldtónar.** Tónlist af ýmsu tagi.
- 22.07 **Út á lífið.** Áslaug Dóra Eyjólf- sdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
- 02.05 **Eftirlætislögin.** Gestur þáttar- ins er Sigurbjörg Pétursdóttir. Umsjón: Svanhildur Jakobsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá þriðju- degi.)
- 03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútliti til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veður- stofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.



- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir:** Góð helgatónlist sem engan svikur.
- 14.00 **Kristófer Helgason:** Léttur laugardagur á Bylgjunni. Góð tónlist með helgarverkunum.
- 18.00 **Frey móður T. Sigurðsson.** Hin eldhessi plötusnúður held- ur uppi helgarstemningunni.
- 22.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
- 02.00 **Næturdagskrá.**



- 10.00 **Loksins laugardagur.** Gunn- laugur Helgason og Margrét Hrafnadóttir fara í skemmtilega og skondna leiki með hlustendum. Gamla kvikmyndagertraunin verð- ur á staðnum og eru verðlaunin glæsileg. Einnig fá Gulli og Margrét léttu og káta gesti í spjall. Engin furða að þátturinn beri yfir- skriftina Loksins laugardagur! Fréttir á Stjörnunni kl. 10.00, 12.00 og 16.00.
- 17.00 **Stjörnukvöld í uppsiglingu.** Ýmsir dagskrárgerðarmenn stöð- arinnar slá á léttu strengi, leika vinsæla tónlist og kynda undir laugardagskvöldsfárið.
- 22.00 **Darri Olason** mættur á nætur- vaktina. Hann er maðurinn sem svarar í síma 681900 og tekur við kveðjum og óskalögum. Darri er ykkar maður.
- 4.00 **Næturstjörnur.** Ökynnt tónlist úr ýmsum áttum.

Hljóðbylgjan

Reykjavík FM 95,7 Akureyri FM 101,8

- 9.00 **Kjartan Pálmarsson** er fyrstur á fætur á laugardögum og spilar tónlist fyrir alla, alls staðar.
- 12.00 **Ökynnt hádegistónlist.**
- 13.00 **Axel Axelsson** með tónlist við þitt hæfi.
- 15.00 **Fettur og brettur.** Íþróttateng- ur þáttur í umsjá Einaris Brynjólfs- sonar og Snorra Sturlusonar. Far- ið verður yfir helstu íþróttavið- burði vikunnar svo og helgarinnar og enska knattspyrnan skipar sinn sess í þættinum.
- 18.00 **Topp tíu.** Bragi Guðmundsson leikur tíu vinsælustu lögin á Hljóðbylgjunni.
- 19.00 **Ökynnt kvöldmatartónlist.**
- 20.00 **Þráinn Brjánsson** og laugar- dagskvöld sem ekki klíkkar.
- 24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Stuð, stuð, stuð.
- 4.00 **Ökynnt tónlist til morguns.**



- 14.00. **Alfa með erindi til þín.** Marg- vislegir tónar sem flytja blessunar- ríkan boðskap.
- 16.00 **Vinsældaval Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
- 18.00 **Alfa með erindi til þín, frh.**
- 22.30 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlist- arþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon. Ath. Eftirlætið verður þessi þáttur á laugardags- kvöldum kl. 22 eða 22.30.
- 24.20 **Dagskrárlok.**



- 10.00 **Plötusafnið mitt.** Steinar Vikt- orsson leyfir fleiri að njóta ágæts plötusafns.
- 12.00 **Poppessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
- 14.00 **Al vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumál- um gerð skil.
- 16.00 **Um Rómönsku Ameríku. Mið- Ameríkuvefndin.**
- 17.00 **Sjálfbjörg - Landssamband fati- aðra. E.**
- 18.00 **Heima og að heiman.** Alþjóð- leg ungmenntaskipti. E.
- 18.30 **Ferill og „FAN“.** Baldur Braga- son fær til sín gesti sem gera upphaldshljómsveit sinni góð skil.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Lára o.fl.
- 21.00 **Sibyljan**
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt** til morguns með Arnari Þór Óskarsyni og Bene- dikt Rafnssyni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.



- 12.00 **MS.**
- 14.00 **MH.**
- 16.00 **IR.**
- 18.00 **KV.**
- 20.00 **FB.**
- 22.00 **FA.**
- 24.00 **Næturvakt Útrásar.** Óskalög, kveðjur og góð tónlist. Sími 680288.
- 04.00 **Dagskrárlok.**

Rás 1 kl. 16.30:

Faust Ópera mánaðarins

Efnisþráður óperunnar Faust eftir Charles Found er byggður á leikriti Goethes um Johann Fást sem seldi sál sína djöflinum gegn lífsfyllingu. En megininntak þessa verks er þó ástarævintýri tveggja helstu persónanna, Fásts og Grétu, sem Fást elskar og svikur síðan. Þriðja aðalpersónan er djöf- ullinn Mefistötes. Niðurstaða óperunnar er talsvert fjarri verki Goethes og því hafa þjóðverjar ekki viljað nefna hana Faust heldur kalla hana Marger- ethe. En í upphafi þessarar aldar var þessi ópera vinsælust allra ópera. Vinsæld- ir hennar hafa að visu dalað á seinni árum en hún er að sönnu ómetanleg í höndum góðra flytjenda. Tónlistin í óperunni hefur löngum verið talin góð og í kvöld stjórn- ar Sir Colin Davis kór og hljómsveit bæverska út- varpsins. Helstu flytjendur eru Franzisco Araiza, Kiri- te Kanawa, Evgeny Nester- enko og Andreas Schmidt. Kynnir verður Jóhannes Jónsson.



Lauren Hutton ásamt Gene Kelly og Evel Knievel leika aðalhlutverkin í mynd Stöðvar 2 í kvöld, Lifi Knievel.

Stöð 2 kl. 00.30:

Lifi Knievel

Evel Knievel leikur sjálf- an sig í þessari mynd sem fjallar um ævintýri og ógöngur í Mexíkó. Knievel og Will Atkins (Gene Kelly) ferðast til Kaliforníufylkis í Bandaríkjunum þar sem Knievel hyggst reyna sig við nýtt heimsmet í mótorkjól- stökki. Þar hittir Knievel fyrir gamlan vin sem telur hann á að taka þátt í sýn- ingu á mótorkjólástökki í

Mexíkó. Knievel lætur til- leiðast en síðan kemur á daginn að vinurinn er við- riðinn stórfellt fíkniefna- smygl. Fram í myndinni koma m.a. Lauren Hutton, Leslie Nielsen og Marjoe Gortner. Lifi Knievel er framleidd árið 1977 og er rúmar eitt hundrað mínútur að lengd. Kvikmyndahandbókin gef- ur henni enga stjörnu.


Sjónvarp kl. 21.30:

Ofurmærin Kara

Ofurmærin Kara (Helen Slater) kemur til jarðar til að bjarga jarðarbúum frá tortímingu í þessari ævin- týramynd sem byggð er á samnefndum myndasögum. Kara á í baráttu við hina illu Selenu (Fay Dunaway) og aðstoðarkonu hennar, Blöncu (Brenda Vaccaro), en Se- lena reynir hvað hún getur að brjóta ofurmannlega krafta Kóru á bak aftur og ná heimsyfirráðum. Selena virðist vera að ná yfirhönd- inni í þessari baráttu og of- urmærin unga á fótum sín- um fjör að launa. Auk Slater og Dunaway leika Mia Farrow og Peter O'Toole í þessari bíómynd. Leikstjóri er Jeannot Szwarc en myndin er bandarísk frá árinu 1984. Kvikmyndahandbækur gefa myndinni eina til eina og hálfu stjörnu.



Helen Slater og Fay Dunaway leika aðalhlut- verkin í Ofurmærin sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



PURRKUBLÖÐIN VERÐA AÐ VERA ÓSKEMMD

og þau þarf að hreinsa reglulega. Slitin purrkublið margfalda áhættu í umferðinni.

